



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kl. 560269-4556 – Sími: 470 2300 – Fax: 477 1588  
Posthoff 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður  
Netfang: [stk@stfk.is](mailto:stk@stfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1741*  
*komudagur 2.5.2014*

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seyðisfirði 30. apríl 2014

**Efni: Umsögn um 495. mál. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013–2016 (Lögð fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)**

Bæjarráð Seyðisfjarðar þakkar fyrir að fá tækifæri til að senda umsögn um málið og er tilbúið að mæta á fund nefndarinnar til að ræða efni hennar frekar.

### Almennt

Þróun íslensks samfélags útheimtir bættar samgöngur af margvíslegum ástæðum. Viðmið um greiðar samgöngur sem hluta nútímalífnaðarháttu hafa aukist mikið seinni ár og hafa vaxandi áhrif á búsetuval. Er í því sambandi horft til; atvinnumöguleika, skólasóknar, heilbrigðisþjónustu, öryggis- og félagsþátta svo dæmi séu tekin. Seyðisfjarðarkaupstaður hefur átt undir högg að sækja í byggðalegu tilliti vegna stöðu hvað varðar samgöngur til og frá kaupstaðnum. Síðustu ár hefur þetta opinberast mjög skýrt með tilliti til atvinnulífsins og vaxandi krafna þess um greiðar og öruggar samgöngur vegna starfsemi fyrirtækja.

### Seyðisfjarðargöng

Á árunum 2014–2016 er gert ráð fyrir að vinna að jarðfræðirannsóknum í væntanlegu gangastæði og fullnaðarundirbúningi Seyðisfjarðarganga undir Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshéraðs. Bæjarráð leggur mikla áherslu á undirbúning Seyðisfjarðarganga á þessu tímabili. Í fyrirbyggjandi tillögu er gert ráð fyrir 150 milljónum króna í rannsóknir á næstu þremur árum. Samkvæmt áætlun Vegagerðarinnar þarf 300 milljónir króna til að ljúka megi verkefninu á þessu tímabili. Það er mat bæjarráðs að nú sé komið að örlagastundu um framtíð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þróun byggðar verður ekki nema niður á við nema að sjáist til lands um gerð jarðganganna. Fáist hins vegar niðurstaða um að ráðist verði í gerð jarðganganna mun áhrifa þeirrar ákvörðunar strax gæta. Ljóst er að um er að ræða samgöngubætur sem auk þess að rjúfa vetrareinangrun Seyðisfjarðar munu stórauka möguleika byggðanna á Austurlandi. Þau munu bæta aðgang íbúa að þjónustu, framhaldsmenntun, heilbrigðiskerfi, félags og menningarstarfi og öðru sem mannlífi viðkemur. Með Seyðisfjarðargöngum undir Fjarðarheiði næst örugg heilsárstenging milli flugvallar á Egilsstöðum og ferju- og skemmtiferðaskipahafnarinnar á Seyðisfirði. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur lýst vilja til að ræða við stjórnvöld um möguleika þess að fjármagna framkvæmdina að einhverju leyti með veggjaldi.

### Vegamál

Bæjarráð Seyðisfjarðar leggur ríka áherslu á að áfram verði unnið að nauðsynlegum endurbótum á veginum yfir Fjarðarheiði á meðan jarðgöngin eru undirbúin. Bæjarráð minnir á að vegurinn yfir Fjarðarheiði er einnig leiðin til Evrópu þar sem einu reglubundnu áætlunarsiglingar með farþega eru frá Seyðisfirði. Vegurinn liggur í um 600 metra hæð yfir sjó á allt að 9 kílómetra kafla og brattar brekkur með erfiðum beygjum báðum megin. Snjósöfnun er mikil á einstökum köflum, meðal annars við uppistöðulón á Fjarðarheiði og þarf að ráðast í úrbætur á þeim vegaköflum, þar sem snjósöfnun er mest. Bæjarráð hvetur til að áfram verði unnið að tilraunum til að draga úr snjósöfnun með girðingum. Þrátt fyrir tvo erfiða vetur í röð kunna girðingarnar að sanna gildi sitt í meðalvetrum.

### **Hafnarmál**

Fjölgun stærri skemmtiferðaskipa sem sækja Seyðisfjörð heim útheimtir lengingu á stálþili við Strandarbakka og bættrar aðstöðu fyrir móttöku stórra skemmtiferðaskipa. Það er mat bæjarráðs að lenging Strandabakka treysti starfsemi hafnarinnar í þessu tilliti.

### **Innanlandsflug**

Bæjarráð Seyðisfjarðar skorar á stjórnvöld að leita leiða til að lækka fargjöld í innanlandsflugi. Fyrir íbúa Austurlands er innanlandsflugið bráðnauðsynlegar almenningsamgöngur sem ekki verða leystar af hólmi með öðrum hætti. Það er lágmark, eins og þjónustu og innviðum á vegum ríkisins er komið í dag að reynt sé að stuðla að jöfnuði og hagkvæmum leiðum fyrir landsmenn að sækja hana.

### **Flugvellir**

Bæjarráð leggur áherslu á að unnið verði að uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Það mun auka möguleika á notkun hans fyrir farþega og vöruflutninga ekki síst hvað millilandaflug varðar. Bæjarráð telur það skipta miklu máli til að treysta atvinnulíf á Austurlandi. Brýnt er að eyða langvarandi óvissu um Reykjavíkurflogvöll. Mikilvægt er að bæta aðstöðu fyrir flugfarþega á Reykjavíkurflogvelli .

Virðingarfyllt f.h. bæjarráðs Seyðisfjarðar

  
Vilhjálmur Jónsson